

Lára Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Kópavogur, 19. maí 2023
Tilvísun: K-18409

Efni: Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi og deiliskipulagsbreytingu í Miðdalslandi, Mosfellsbæ. Sólbakki og Heiðarhvammur.

Á 13. fundi heilbrigðisnefndar 2. maí s.l. var eftirfarandi erindi lagt fram undir liðnum skipulagsmál:

1.1. Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi og deiliskipulagsbreytingu í Miðdalslandi, Mosfellsbæ. Sólbakki og Heiðarhvammur.

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Mosfellsbæ þar sem óskað er umsagnar á tillögu að nýju deiliskipulagi og breytingu á deiliskipulagi í Miðdalslandi. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir fjórar frístundalóðir í Miðdalslandi, vestan Hafravatnsvegar og um 350 m frá gatnamótum Nesjavallavegar. Stærð lands er 2,1 ha. Ráðgert er að aðkoma frá Hafravatnsvegi verði í gegnum aðliggjandi frístundalóðir. Samhliða er gerð minniháttar deiliskipulagsbreyting á landi Heiðarhvamms, til að skilgreina aðkomu að frístundalandi Sólbakka. Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar er landið L125340 skilgreint sem frístundabyggð, F-521.

Bókun:

Vel er hugað að skipulagi varðandi rotþrær og vatnstöku á svæðinu og gerir heilbrigðisnefnd ekki athugasemdir við tillöguna.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðiseftirlitsins

Árni Davíðsson

Árni Davíðsson
heilbrigðisfulltrúi